

Alls konar  
viðburðir í  
skólanum  
Átak í að flokka  
ruslið betur

# Umhverfisvika í MH

11.-15. október 2021

# Að flokka rusl í MH

Hvers vegna og hvernig?

Kynning fyrir nemendur



# Hvernig flokkum við rusl í MH?

5 tunnur:

- Pappír – **blátt** lok
- Flöskur og dósir – **rautt** lok
- Plast og ál – **grænt** lok
- Lífrænn úrgangur – sérmerkt tunna
- Almenn rusl - óendurvinnanlegur úrgangur – **svart** lok
  - Markmið að þessi tegund verði minnsti hluti alls úrgangs sem fellur til í skólanum, ekki meira en 20%
  - **Öflug og vönduð flokkun** er forsenda þess að markmiðið náist





## Pappír – blátt lok

- Allur pappír, hvítur og litaður
- Pappírsumbúðir:
  - Allar fernur, pappaglös, -bakkar, -dósir, -skálar undan hafragrautum, -pokar – líka þeir sem eru með plastglugga
- **Munið að fjarlægja matarleifar**, tæma, skafa eða skola umbúðirnar
- **Ekki** setja notaðar handpurkkur í pappírstunnuna, þær fara í almenna sorpið því þær eru ekki hæfar til endurvinnslu



# Plast – grænt lok

- Plastdósir, t.d. undan skyri og jógúrt
- Plastumbúðir og -pokar, t.d. utan af sælgæti, snakki, kexi
- Frauðplast
- Plastflöskur og -brúsar, t.d. undan drykkjum, ekki með skilagjaldi
  - Athugið að plastflöskur með skilagjaldi skal flokka með dósum og flöskum
- **Munið að fjarlægja matarleifar, tæma, skafa eða skola umbúðirnar**

# Ál – flokkað með plasti – grænt lok

- Álpappír, álbakkar, álfilma, t.d. lok af skyr- og jógúrt dósum
- **Munið að fjarlægja matarleifar**, tæma, skafa eða skola umbúðirnar

Fyrirtækið sem hirðir sorpið í MH sér um að aðskilja ál og plast þegar úrgangurinn hefur verið sóttur





# Flöskur og dósir – rautt lok

- **Gler- og plastflöskur með skilagjaldi**, t.d. undan vatni, gosi, ávaxtasafa og orkudrykkjum
- **Áldósir með skilagjaldi**, t.d. undan vatni, gosi og orkudrykkjum
- **Munið að tæma flöskurnar og dósirnar áður en þær fara í tunnuna!**

# Lífrænn úrgangur – sérmerkt tunna

- Skeiðar sem fylgja hafragautnum
- Ávextir og ávaxtahýði, grænmeti og grænmetishýði
- Egg og eggjaskurn
- Matarafgangar; eldaðir kjöt- og fiskafgangar – lítil bein mega fara með
- Mjöl, hrísgrjón, pasta, núðlur
- Brauð, kex, kökur
- Notaðir tepokar – **ekki** pokar úr plasti
- Kaffikorgur
- Notaður eldhúspappír og servíettur
- Tannstönglar úr tré





# Óendurvinnanlegt – almennt rusl – **svart** lok

---

- **Aðeins það sem ekki er mögulegt að flokka**
- Notaðar handþurrkur
- Einnota grímur – slítið böndin af og hendið bæði grímu og böndum í almennt rusl
- Einnota hanskar
- Tyggjó

**Markmið MH er að minnka  
óendurvinnanlegt rusl**

**Flokkum eins vel og hægt er 😊**

*Þessar tunnur verða  
**færri** og **minni** frá og  
með umhverfisviku!*



# Matarleifar burt!

- Tæmið mat og drykk vel úr umbúðunum
- Setjið matarleifar í lífræna ruslið
- Losið vökva í vask framan við klósettin á miðjum Matgarði
  - Aðeins vatn eða tær vökvi má fara í vaskinn á Miðgarði
  - **Ekki** setja núðlur eða annan mat í vaskana!
- Skolið umbúðirnar í vaski á Matgarði ef þörf krefur, **annars er nóg að skafa eða hreinsa umbúðirnar eins vel og hægt er**
- Mjög óhreinar umbúðir eru óhæfar til endurvinnslu!



## Hvað á að gera við ...

- Skálar undan hafragrautnum og skeiðar?
  - Skálarnar eru úr pappa. Hreinsaðu vel innan úr skálinni áður en hún fer í pappírstunnuna.
  - Skeiðarnar eru úr efni sem brotnar niður og fara í lífrænu tunnuna.
- Samsettar umbúðir?
  - Reyndu að **aðskilja efni** ef mögulegt er og flokkaðu þau í viðeigandi tunnu.
  - Ef það er ekki hægt skaltu meta **hvaða efni er aðalefni** umbúðanna og flokka í tunnuna sem á við stærri hluta þeirra.
- Pitsukassa?
  - Einn og einn kassi má fara í pappírstunnuna en ef um meira magn er að ræða þarf að setja þá í gám fyrir bylgjupappa sem er utan við skólann.

# Hvers vegna flokkum við ruslið?

---

- Við verðum að bregðast hratt og vel við til að sporna við loftslagsbreytingum af manna völdum.
- MH tekur þátt í Grænfánaverkefni Landverndar og í skólanum starfar umhverfisnefnd nemenda og starfsfólks. Öll velkomin í hana 😊
- MH tekur líka þátt í Grænum skrefum ríkisstofnana.
- Tækifæri til að gera betur í umhverfismálum liggja m.a. í því að **flokka ruslið betur**.
  - Skólinn stefnir að því að **80% alls úrgangs fari í endurvinnslu**.
- Úrgangur er dýrmæt auðlind.
  - Þegar notuð vara er endurunnin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé á náttúruauðlindir.
  - Blandaður úrgangur nýtist hvergi.
- **Við berum ábyrgð á hegðun okkar og neyslu, það flokkar enginn fyrir þig!**



# Ávinningur af endurvinnslu

---

- Verndum auðlindir náttúrunnar
- Minnkum losun gróðurhúsalofttegunda sem valda hlýnun jarðar
- Fullnýtum efniviðinn sem við höfum
- Spörum orku
- Minna sorp – meiri verðmæti!




# Vissir þú?

- Að plast sem ekki er hægt að endurvinna fer í sorpbrennslustöðvar erlendis, þar sem orkan úr plastinu er nýtt til raforkuframleiðslu og upphitunar. **En þetta gerist bara ef plastið ratar rétta leið í endurvinnslutunnuna.** Annars fer það í urðun með tilheyrandi kostnaði, engum til gagns.
- Og þegar búið er að urða plastið má reikna með að það liggi þar næstu 500 eða 1000 ár, því plast brotnar seint og illa niður.
- Enn verra er þó ef plastið fýkur út í buskann og lendir t.d. í sjónum þar sem það getur velkst um í aldir og valdið lífríkinu miklum skaða.

(Stefán Gíslason hjá Environice)

# Vissir þú?

- Að það má endurvinna pappa og pappír allt að fjórum til sjö sinnum.
- Að úr lífrænum úrgangi er hægt að vinna eldsneyti á bíla og moltu eða jarðvegsbæti, sem Íslendinga sárvantar. Á hverju ári urða Íslendingar líklega um 100 þúsund tonn af lífrænum úrgangi sem hefði mátt nýta með þessum hætti. (Stefán Gíslason, Environice)
- Að ef ruslið er grafið í jörð (urðað) gefur það frá sér gróðurhúsalofttegundir í allt að 100 ár.





Takk fyrir að  
flokka!

